Orkuveita Reykjavíkur sef.

Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur sef. fyrir tímabilið ágúst 2025 til júní 2026



Mynd OR

Endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur sef.

Júní 2026

1. NEFNDIN OG SKIPAN HENNAR

Í samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar frá 10. júlí 2014 kemur fram að dótturfélög Reykjavíkurborgar teljist einingar innan samstæðu hennar í merkingu ársreikningalaga og skipar borgarstjórn endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Þessi ákvæði úr samþykkt fyrir nefndina koma einnig fram í 9. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur.

Endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur sef. skipa eftirtalin;

- Lárus Finnbogason, formaður
- Einar Sveinn Hálfdánarson
- Sigrún Guðmundsdóttir
- Sunna Jóhannsdóttir

Varamenn eru;

- Danielle Pamela Neben
- Ólafur Kristinsson
- Páll Grétar Steingrímsson

2. UM ENDURSKOÐUNARNEFNDIR

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti í málum er snúa að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga. Fram kemur í lögunum að við einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd en öðrum einingum er frjálst að skipa endurskoðunarnefndir. Þeir sem skipa endurskoðunarnefnd skulu vera óháðir endurskoðendum einingarinnar og þá skal meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháður einingunni. Gerð er sú krafa að nefndarmenn hafi þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðunarnefndir eru mikilvægar við stjórnun og eftirlit fyrirtækja og félaga, hvort sem um er að ræða einka- eða opinberan rekstur. Þær gegna lykilhlutverki við að aðstoða stjórnendur við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar við reikningsskil, innra eftirlit, áhættustýringu, innri og ytri endurskoðun og eftirlit þeirra með að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa – febrúar 2021) þar sem fjallað er um hlutverk og verkefni endurskoðunarnefnda. Samkvæmt leiðbeiningunum skal endurskoðunarnefnd fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum. Þá skal nefndin yfirfara að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur rekstrareiningar séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu hennar á hverjum tíma.

3. STÖRF NEFNDARINNAR Á STARFSÁRINU

Í starfsreglum endurskoðunarnefndar kemur fram að starfsár hennar nái yfir tímabilið ágúst til júní ár hvert.

Verkefni nefndarinnar á starfsárinu ágúst 2025 til júní 2026 tengdust fyrst og fremst lögboðnum verkefnum hennar. Hér á eftir er í tímaröð gerð grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar og fundum á starfsárinu sem ætti að gefa nokkuð skýra mynd af störfum hennar á liðnu starfsári.

Vísað er til nefndarinnar þótt jafnvel sé um einn nefndarmann að ræða, en fullskipuð nefndin sat ekki aðra fundi en bókaða fundi endurskoðunarnefndar.

ÁGÚST 2025

Lögð fram til kynningar trúnaðarmerkt drög að samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025, dags. 25. ágúst 2025. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd hefur fengið kynningu á samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn Orkuveitunnar. [Fundur nr. 330, 18.8.2025].

OKTÓBER 2025

Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum úttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á innkaupum hjá Orkuveitunni og dótturfélögum. Samþykkt og vísað til stjórnar. [Fundur nr. 336, 6.10.2025].

NÓVEMBER 2025

Lögð fram til kynningar trúnaðarmerkt drög að samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025, dags. 17. nóvember 2025. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd hefur fengið kynningu á samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september

2025. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn Orkuveitunnar. [Fundur nr. 340, 17.11.2025].

Fram fer kynning á trúnaðarmerktri endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda, Grant Thornton, vegna endurskoðunar ársreiknings Orkuveitunnar fyrir árið 2024. [Fundur nr. 340, 17.11.2025].

Niðurstöður úttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á aðfangaferli Orkuveitunnar, eftirfylgni II. Frestað. [Fundur nr. 340, 17.11.2025].

Desember 2025

Lagðar fram niðurstöður síðari eftirfylgniúttektar Innri endurskoðun og ráðgjafar hjá móðurfélagi Orkuveitunnar og dótturfélögunum Ljósleiðaranum, Orku náttúrunnar og Carbfix, á aðfangaferli hjá Orkuveitunni. [Fundur nr. 341, 1.12.2025].

Janúar 2026

Lögð fram lokadrög starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir Orkuveituna fyrir starfsárið 2024-2025. Samþykkt. [Fundur nr. 345, 12.1.2026].

Febrúar 2026

Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar hjá Veitum, Vöktun á hreinu vatni og hreinum ströndum, eftirfylgni 2, dags. 16.02.2026. [Fundur nr. 348, 16.2.2026].

Lögð fram trúnaðarmerkt drög að ársreikningi 2025 ásamt trúnaðarmerktum drögum að endurskoðunarskýrslu fyrir Veitur ohf. Samþykkt að fela formanni endurskoðunarnefndar að ganga frá umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar Veitna. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi og endurskoðunarskýrslu. Endurskoðunarnefnd telur að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu í stjórn Veitna ohf. [Fundur nr. 350, 23.2.2026].

Lögð fram trúnaðarmerkt drög að ársreikningi 2025 ásamt trúnaðarmerktum drögum að endurskoðunarskýrslu fyrir Orku náttúrunnar ohf. og ON Power ohf. Samþykkt að fela formanni endurskoðunarnefndar að ganga frá umsögn endurskoðunarnefndar til stjórna félaganna. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi og endurskoðunarskýrslu. Endurskoðunarnefnd telur að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu í stjórn ON og ON Power. [Fundur nr. 350, 23.2.2026].

Lögð fram trúnaðarmerkt drög að ársreikningi 2025 ásamt trúnaðarmerktum drögum að endurskoðunarskýrslu fyrir Ljósleiðarann ehf. Samþykkt að fela formanni endurskoðunarnefndar að ganga frá umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar Ljósleiðarans. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi og endurskoðunarskýrslu. Endurskoðunarnefnd telur að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu í stjórn Ljósleiðarans ehf. [Fundur nr. 350, 23.2.2026].

Lögð fram trúnaðarmerkt drög að ársreikningi 2025 fyrir Carbfix hf. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi. Á fundinum komu fram ábendingar varðandi reikninginn sem brugðist verður við áður en reikningurinn verður lagður til samþykktar fyrir stjórn félagsins. Að gefnum þeim breytingum telur nefndin að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu í stjórn Carbfix. [Fundur nr. 351, 26.2.2026].

Mars 2026

Fram fer kynning á trúnaðarmerktum drögum að ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar og skýrslu stjórnar fyrir árið 2025 ásamt trúnaðarmerktum drögum að endurskoðunarskýrslu samstæðunnar sem lögð verður fram samhliða framlagningu ársreiknings fyrir stjórn. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi Orkuveitunnar, skýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2025. Endurskoðunarnefnd mun skila umsögn til stjórnar Orkuveitunnar. [Fundur nr. 352, 2.3.2026].

Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum síðari eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun Hellisheiðarvirkjunar. Samþykkt og vísað til stjórnar ON. [Fundur nr. 352, 2.3.2026].

Maí 2026

Fram fer kynning á trúnaðarmerktum drögum að samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026. Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd hefur fengið kynningu á samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn Orkuveitunnar að teknu tilliti til þeirra viðbóta sem fram komu á fundinum. [Fundur nr. 358, 18.5.2026].